



Fundur í hafnarnefnd

10. fundur hafnarnefndar haldinn að Fjarðarvegi 3 Þórshöfn mánudaginn 29. júní 2020. Fundur var settur kl. 12:00.

Mættir voru: Halldór Rúnar Stefánsson, Árni Bragi Njálsson, Jónas Jóhannsson, Jón Rúnar Jónsson forstöðumaður Þjónustumiðstöðvar Langanesbyggðar og Jónas Egilsson sveitarstjóri sem ritaði fundargerð.

Formaður setti fund og spurði hvort athugasemdir væru gerðar væru við fundarboð. Svo var ekki.

Fundargerð

1. Staða hafnarframkvæmda á Þórshöfn og á Bakkafirði

Farið yfir undirbúning framkvæmda við dýpkun hafnarinnar á Þórshöfn og viðgerða á brimvarnargarði við höfnina á Bakkafirði. Dýpkunarframkvæmdir hefjast að loknum sumarleyfum starfsmanna hjá verktaka í júlí. Frestur til að skila tilboðum til Vegagerðarinnar vegna viðgerða á Bakkafirði rennur út 30. júní. Beðið er eftir öflugum krana til að hífa landfestingar fyrir nýju flotbryggjuna. Rætt um tiltekt á hafnarsvæðinu á Bakkafirði þegar viðgerðum og framkvæmdum lýkur við hafnargarðinn og hreinsun á innsiglingunni. Rætt um aðrar framkvæmdir við Bakkafjarðarhöfn á næsta ári, vegna fjárhagsáætlunargerðar.

Nefndin óskar eftir upplýsingum um umfang tjóns á höfninni á Bakkafirði í kjölfar óveðurs sl. vetur.

2. Tilraunaskot á eldflaug frá Sauðanesi í júlí

Fram er lögð áætlun um tilraunaskot um þriggja metra og tveggja þrepa eldflaugar frá Sauðanesflugvelli í sumar. Að því gefnu að öll tilskilin leyfi fáiast frá opinberum aðilum og að skotið sé tilkynnt til hlutaðeigandi aðila, gerir hafnarnefnd ekki aths. við fyrirhugaðar tilraunir.

Samþykkt að auglýsa eftir bát til að sækja eldflaugina þegar hún kemur niður aftur.

3. Fundargerð Hafnarsambands og ársreikningar

Fundargerð 422. fundar stjórnar Hafnarsambands Íslands lögð fram ásamt ársreikning fyrir árið 2019.



4. Önnur mál

Lagt fram til kynningar bréf Hafrannsóknarstofunnar, dags. 14. júní 2020, með beiðni um umsögn vegna erindis handfærasjómanna við Norðausturland.

Fundargerðin upplesin og samþykkt samhljóða.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 12:55.